

Tilm. 16/2019/välfärd D 2019

Fyrri skjalsnúmer	A 1798/välfärd
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit Norrænu velferðarnefndarinnar um
rafræna lyfseðla á Norðurlöndum (Tilm. 16/2019)

Tillaga

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð færi svarið til bókar og telji fyrir sitt leyti afgreiðslu tilmæla 16/2019 sem varða rafræna lyfseðla á Norðurlöndum *lokið*.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norðurlandabúar geti leyst út lyf samkvæmt rafrænum lyfseðlum alls staðar á Norðurlöndum;

að rafrænir lyfseðlar frá Norðurlöndum gildi innan Evrópusambandsins;

að hún feli skrifstofunni að semja nefndarálit þar sem fram kemur að nefndin meti það mikils að verkefnið *Lösningar för vård och omsorg på distans inklusive e-recept* (Lausnir í fjarheilbrigðisþjónustu og rafrænir lyfseðlar) (*VOPD*) fari fram.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin er sammála sjónarmiði Norðurlandaráðs um að möguleikar Norðurlandabúa á að leysa út rafræna lyfseðla alls staðar á Norðurlöndum og norræna rafræna lyfseðla innan Evrópusambandsins beri að þróa áfram með það fyrir augum að auka norræna samþættingu og frjálsa för íbúanna, einnig á sviði rafrænnar heilbrigðisþjónustu.

Í framtíðarsýn norræns samstarfs um Norðurlöndin sem sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi er stafræn samþætting megináhersla þar sem stafrænar lausnir og nýsköpun yfir landamæri eru meðal stóru átaksverkefnanna. Einnig er Norðurlöndunum mjög umhugað um að ryðja stjórnsýsluhindrunum úr vegi og því er



áfram mikilvægt að leggja áherslu á markvissar og skilvirkar aðgerðir, þannig að Norðurlandabúar, þar á meðal sjúklingar, geti komist ferða sinna án hindrana.

Gripið hefur verið til ýmissa ráðstafana til að kanna og þróa möguleika á öflugra samstarfi norrænna þjóða á sviði rafrænnar heilbrigðisþjónustu, þar á meðal einnig varðandi rafræna lyfseðla. Norðurlöndin eru að móta skilmála og áform um samstarf um rafræna lyfseðla yfir landamæri, meðal annars með þróun og notkun sameiginlegra staðla til að tryggja að upplýsingar ólíkra kerfa séu samhæfðar.

Eigi að vera unnt að halda áfram þróun á miðlun heilbrigðisupplýsinga á milli landa þarf að leysa úr ýmsum hagnýtum og lögfræðilegum álitæfnum sem standa norrænni samnýtingu á tölvugögnum í vegi. Slíkar áskoranir eru ekki bara norrænar, þær eru líka innlendar: Hvað þróun á stafrænum sjúkraskráum viðkemur er unnið sleitulaust að því að treysta persónuvernd sjúklinga og öryggi þeirra í tengslum við vinnslu á persónuupplýsingum.

Innan Evrópusambandsins er unnið að því að skapa aðgengi að rafrænum lyfseðlum og sjúkraskráum í öllum aðildarríkjunum og hefst innleiðingin í áföngum frá árinu 2021. Finnland og Eistland taka nú þegar þátt í tilraunaverkefni í gegnum verkefnið *Connecting Europe Facility* sem er styrkt af Evrópusambandinu.

Samhliða er unnið að því að koma á fót 2–3 tilraunaverkefnum um rafræna lyfseðla yfir landamæri Norðurlanda innan ramma sænska formennskuáætlunarverkefnisins „Lausnir í fjarheilbrigðisþjónustu og rafrænir lyfseðlar“. Í fyrstu er stefnt að því að taka saman skýrslu um forsendur Norðurlanda fyrir rafrænum lyfseðlum og útbúa áætlun um tilraunaverkefni.

Reynslan af þessum verkefnum verður mikilvæg vísbinding um tækifærin að þessu leyti í norrænu samstarfi framvegis. Samhliða frekari þróun rafrænna heilbrigðiskerfa munu skapast betri forsendur og tækifæri fyrir rafræna lyfseðla yfir landamæri, þegar tæknilegar og lagalegar forsendur hafa verið uppfylltar. Norræna ráðherranefndin hyggst því áfram kosta kapps um að auka þekkingu um og þróa og prófa lausnir fyrir miðlun upplýsinga úr sjúkraskráum fólks og rafrænna lyfseðla yfir landamæri.

Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum að hluta til.

Álit nefndarinnar

Nefndin tekur vel í að fjölda aðgerða hefur verið hrint í framkvæmd til að auðvelda rafræna lyfseðla yfir landamæri og hefur einnig fengið í heimsókn verkefnisstjóra verkefnisins „Lausnir í fjarheilbrigðisþjónustu“. Verkefnið fer fram á árunum 2018–2020 og er ætlað að kortleggja notkun lausna í fjarheilbrigðisþjónustu í norrænum sveitarfélögum og héruðum auk þess að þróa verkfæri sem stuðning við gerð nýrra lausna. Verkefnið beinir sjónum að nýtanlegum lausnum fyrir dreifbýl svæði, sem má



yfirfæra til nota í borgum. Í verkefninu er undirverkefnið „Rafrænir lyfseðlar yfir landamæri“ þar sem yfirvöld fjarheilbrigðisþjónustu í Svíþjóð eiga að framkvæma 2–3 tilraunaverkefni þar sem skipst er á rafrænum lyfseðlum við raunverulegar aðstæður.

Nefndin veitir því eftirtekt að öllum verkefnum er ekki lokið og að enn eru til staðar hindranir sem þarf að ryðja úr vegi áður en hægt verður endanlega að hrinda rafrænum lyfseðlum í framkvæmd. Nefndin mun því fylgjast með þróun yfirstandandi verkefna og fylgjast með öðrum aðgerðum Norrænu ráðherranefndarinnar í þá veru að innleiða rafræna lyfseðla á Norðurlöndum. Nefndin óskar eftir skýrari svörum um þær hindranir sem enn eru til staðar áður en hægt verður fyrir Norðurlandabúa að leysa út lyf samkvæmt rafrænum lyfseðlum alls staðar á Norðurlöndum.

Því óskar nefndin pólitísku samráðs um málið.

Norðurlöndum, 25. maí 2020

Bente Stein Mathisen (H)

Eva Lindh (S)

Høgne Hoydal (T)

Ilmari Nurminen (sd)

Kaisa Juuso (saf)

Kasper Roug (S)

Lise Bech (DF)

Maria Stockhaus (M)

Nils Sjøberg (RV)

Outi Alanko-Kahiluoto (gröna)

Per-Arne Håkansson (S)

Solveig Horne (FrP)

Solveig Sundbø Abrahamsen (H)